

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Sel-Hótel Mývatni 15. maí 2019 kl. 13:00.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar (11 af 15);

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarsson og Jóna Björg Hlöðversdóttir
- frá Skútustaðahreppi; Helgi Héðinsson og Sigurður Böðvarsson
- frá Norðurþingi; Hafrún Olgeirsdóttir, Heiðbjört Þóra Ólafsdóttir, Hrund Ásgeirsdóttir og Óli Halldórsson (vantar 2 fulltrúa)
- frá Tjörneshreppi; Aðalsteinn J. Halldórsson
- frá Svalbarðshreppi; mætti enginn (vantar 1 fulltrúa)
- frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson (vantar 1 fulltrúa)

Fundinn sátu einnig Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar og Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður, Arnór Benónýsson, setti fund og stjórnaði honum.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Skýrsla framkvæmdastjórnar**

Dagbjört Jónsdóttir formaður framkvæmdastjórnar flutti skýrsluna en framkvæmdastjórnin hefur haldið fjóra fundi frá síðasta fundi fulltrúaráðsins 31. október sl.

Helstu umfjöllunarefni framkvæmdastjórnarinnar á tímabilinu hafa verið:

- Erindi frá HSB um samstarf við sveitarfélögin um mótun framtíðarskipulags íþróttastarfs í héraðinu.
- Hugmyndir um sameignlega atvinnustefnu, samstarf í skipulagsmálum og sameiginlegt útboð vegna endurskoðunar aðalskipulags. Leggur framkvæmdastjórnin til að sveitarfélögin komi upp formlegum samstarfsvettvangi um skipulagsmál án þess þó að um formlegt svæðisskipulag sé að ræða.
- Sameiginlegt öldungaráð.
- Samstarf um brunavarnir og kallar framkvæmdastjórnin eftir stefnumörkun í málinu.
- Afgreiðsla ársreiknings.

Frekari umfjöllun um ofangreind verkefni er að finna í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar sem fylgir fundargerðinni en jafnframt lágu fyrir fundinum fundargerðir framkvæmdastjórnarinnar frá síðast fundi fulltrúaráðsins.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu framkvæmdastjórnar:

- Rætt um stöðu brunavarna m.a. útfrá auknum skyldum sveitarfélaganna og breyttum aðstæðum á svæðinu með tilkomu Vaðlaheiðarganga og stóriðju á Bakka. Samstaða um að nauðsynlegt sé að huga bæði að faglega þættinum og einnig hinum fjárhagslega útfrá hagsmunum sveitarfélaganna. Samþykkt að fela framkvæmdastjórninni umboð til að skoða og setja fram tillögur um útfærslur á samstarfi um faglega þáttinn og leggja fyrir fulltrúaráðið þegar þær liggja fyrir.

- Tillaga framkvæmdastjórnar varðandi samstarf í skipulagsmálum gengur mun skemmra en lesa má út úr samþykkt síðasta fulltrúaráðsfundar og vakti Jóna Björg athygli á því að nauðsynlegt væri að boðskipti milli fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar væru skýr. Eftir umræðu var tillaga framkvæmdastjórnar (liður 2c í fundargerð 14.01.2019) um skipan formlegs samstarfsvettvangs sveitarfélaganna samþykkt. Leggur fulltrúaráð til við sveitarfélögin að samstarfsvettvangurinn verði skipaður skipulagsfulltrúum sveitarfélaganna og einum kjörnum fulltrúa frá hverju þeirra.
- Óli Halldórsson vakti máls á því að sveitarfélögin væru að vinna stefnumörkun á mörgun sviðum, s.s. umhverfisstefnu, fjölskyldustefnu, fjölmenningsstefnu o.s.frv. Hvatti hann til þess að möguleg samlegð í slíkri vinnu væri tekin til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórn.
- Hafrún Olgeirsdóttir benti á að nauðsynlegt væri að Norðurþing gangi úr skugga um afstöðu þeirra sem þegar hefðu verið skipaður í öldungaráð sveitarfélagsins, til þess að það taki til allra sveitarfélaganna með innkomu fulltrúa frá þeim, áður en formlega verður gengið frá málinu.

## 2. Ársreikningur 2018 og ársskýrslur þeirra stofnana og verkefna sem falla undir starfssvið byggðasamlagsins.

Framkvæmdastjóri gerð grein fyrir ársreikningnum sem staðfestur hefur verið af framkvæmdastjórn og er endurskoðaður af PwC og áritaður athugasemdalaust. Einnig liggur fyrir endurskoðunarbréf dags. 13. maí sl. Heildatekjur ársins voru 8,8 mkr. og rekstrargjöldin 10,2 mkr. og halli fyrir fjármagnsliði því 1,4 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 250 þús. og halli ársins því 1,15 mkr. og eru niðurstöður ársins í samræmi við áætlun. Heildareignir í árslok voru 27,8 mkr. og þar af er handbært fé um 13,8 mkr. Skuldir voru 15,8 mkr. og þar af er reiknuð lífeyrisskuldbinding 10,4 mkr. Eigið fé var í árslok 12,0 mkr.

Í umræðu velti Óli Halldórsson því upp hvort skynsamlegt væri að greiða lífeyrisskuldbindinguna upp. Var framkvæmdastjóra falið að skoða málið með endurskoðendum byggðasamlagsins.

Að umræðu lokinni var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

Fyrir lágu ársskýrslur almannavarna, barnaverndarnefndar og náttúruverndarnefndar.

Umræða varð um ábendingu sem fram kemur í ársskýrslu náttúruverndarnefndar varðandi þóknun fyrir nefndarstörf á vegum byggðasamlagsins. Eftir umræðu var samþykkt að breyta þóknunarfyrirkomulagi þannig að formenn nefnda fái fasta mánaðarlega greiðslu sem nemur sömu upphæð og almennir nefndarmenn fá í fundarþóknun fyrir hvern setinn fund, auk 50% álags á fundarþóknun. Grunnupphæðir skulu miðast við þær þóknanir sem greiddar voru 2018 og taka breytingum skv. launavísitölu í janúar ár hvert. Skal fyrirkomulag þetta taka gildi frá og með ársbyrjun 2019 og aukinn kostnaður vegna þess fjármagnaður af sjóðum byggðasamlagsins.

Fulltrúaráðið tekur undir ábendingu sem fram kemur í ársskýrslu náttúruverndarnefndar þess efnis að hvetja aðildarsveitarfélögin til þess að kynna sér vel hlutverk og starfsemi nefndarinnar og vísa til hennar lögskyldum verkefnum.

### 3. Kosningar

Fyrir liggur erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélags Íslands (EBÍ) um tilnefningu í fulltrúaráð félagsins sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um félagið nr. 68/1994. Skv. lögunum skulu héraðsnefndir tilnefna fulltrúa í fulltrúaráðið úr sínum hópi en tilnefningar eru háðar því að sveitarfélag það sem viðkomandi er fulltrúi fyrir eigi aðild að EBÍ. Langanesbyggð, Norðurþing og Tjörneshreppur eru þau sveitarfélög sem um ræðir á starfssvæði HNP bs.

Samþykkt að tilnefna Óla Halldórsson sem aðalmann og Aðalstein J. Halldórsson til vara.

### 4. Skipun stjórnna fyrir stofnanir og verkefni

Ekkert lá fyrir undir þessum lið.

### 5. Kosning sérstakra starfsnefnda

Ekki liggur fyrir nein tillaga um kosningu starfsnefnda að þessu sinni.

### 6. Önnur mál

- Framkvæmdastjóra falið að skoða fyrirkomulag og kostnað vegna endurskoðunar hjá byggðasamlaginu og leggja tillögu að fyrirkomulagi fyrir haustfund fulltrúaráðsins.
- Óli Halldórsson velti því upp hvort ekki væri tímabært að skoða það að fundargerðir væru frágengnar og undirritaðar í lok fundar.
- Rætt um vænt átak í sameiningu sveitarfélaga sem er í undirbúningi og hvernig sveitarfélögin ætti að takast á við þau mál, þ.e. hvort skynsamlegra væri að skoða málin heima í héraði eða bíða og bregðast við þegar útspil ríkisvaldsins liti dagsins ljós. Engar ákvarðanir teknar en sveitarstjórnarfolk hvatt til að kynna sér málið og fylgjast með, m.a. gænbók um stefnu í málefnum sveitarfélaga, sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda, ásamt fylgiskjölum sem þar eru.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:55